

VARÐVEISLUHEILDIR

GAMLI BÆRINN

Húsaönnunin nær til elsta hluta bæjarinnar þar sem er að finna flestar minjar um sögu hans. Bæjarhlutinn í heild sinni hefur mikið varðveislugildi og öll hús innan hans eiga þátt í því, hvert með sínum hætti. Því eldri sem húsin eru þeim mun fágætari og mikilvægari að öðru jöfnu. Hér er miðað við að öll hús frá því fyrir 1950 verði vernduð með hverfisvernd. Tilgangur þess er að koma í veg fyrir að sögulegt gildi bæjarhlutans rými en setur þó tiltölulega litlar skorður við möguleika á að endurbæta viðkomandi hús.

Járngerðarstaðarþyrpingin

Járngerðarstaðabæirnir ásamt Valdastöðum standa saman í þyrpingu. Þessi hús mynda heild sem er kjarninn í gamla bænum.

Járngerðarstaðir, Garðhús, Hlíð


Þessi hús eru í vestasta hluta svæðisins ásamt fáeinum öðrum húsum. Öll þrjú eru þau friðuð vegna aldurs. Tvö þeirra, Vesturbær Járngerðarstaða og Garðhús eru meðal merkustu húsa Grindavíkur.

Kirkjustígur og nágrenni

Húsin við Kirkjustíg ásamt kirkjunni gömlu og næstu húsum við Vesturbraut og Víkurbraut mynda sjónræna heild sem mikilvægt er að vernda og styrkja eftir því sem unnt er. Kirkjan er friðuð vegna aldurs en auk hennar eru bæði Krosshús og Hamraborg meðal merkustu húsa bæjarinnar.

Suðurhluti Víkurbrautar og Garðvegs

Á þessu svæði eru nokkur hús frá því um og eftir 1920. Þarna er líka Flagghúsið, sem sennilega er elsta hús Grindavíkur. Nokkur hús hafa verið rifin á þessu svæði á undanföllum áratugum og lóðir þeirra eru auðar. Víða er að sjá rústir af garðhleðslum og öðrum mannvirkjum.



Gamli bærinn í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Einstakt hús, húsaröð, götmynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi
- Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi
- Hús er friðuð
- Afmörkun skipulags
- Járngerðarstaðarþyrpingin
- Járngerðarstaðir, Garðhús, Hlíð
- Kirkjustígur og nágrenni
- Suðurhluti Víkurbrautar og Garðvegs





GRINDAVÍK

**GAMLI BÆRINN
HÚSAKÖNNUN**

Varðveislueildir			Útgáfa V01
Húsaönnun.dgn	Mækkvæði 1:2000	Bláskorti A3	Tölkun nr. 006
Umboðsmaður Grindavíkurbær	Dagur 24.09.2015	Tehnað af ÞRS	



EFLA VERKFRÆÐISTOFA